

Fundargerð 542

Fimmtudaginn 24. október 2024 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar í Samkonuhúsinu á Stöðvarfirði. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Óli Halldórsson (ÓH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM), Jónína Björk Óskarsdóttir (JBÓ) varamaður, Karl Björnsson (KB) tengdist með fjarfundarbúnaði, María Hjálmarsdóttir (MaH) og Rúnar Þór Guðbrandsson (RÞG) varamaður.

Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Eliasson (AME) forstjóri, Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar, Haraldur Reinhardsson (HR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 5), Helga Harðardóttir (HH) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 4), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Kristján Þ. Halldórsson (KÞH) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 4), Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 1 í gegnum fjarfundarbúnað), Sigríður K. Þórgrímsdóttir (SKÞ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 9 í gegnum fjarfundarbúnað), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs (í gegnum fjarfundarbúnað) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Halldóra Kristín Hauksdóttir, Haraldur Benediktsson og Oddný Árnadóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Aflamark Byggðastofnunar
 - a) Val á samningsaðilum á Borgarfirði eystra - til afgreiðslu
 - b) Staðan á vali samningsaðila í Grímsey - til upplýsinga
2. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu
3. Óstaðbundin störf og einkageirinn - til afgreiðslu
4. Brothættar byggðir - kynning á stöðu verkefnisins
5. Stöðugreining landshluta - til kynningar
6. Lánamál
 - a) Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
 - b) Tímabundið takmörkuð lánsgeta Byggðastofnunar - til kynningar
 - c) Viðmiðunarvextir á lánum í erlendri mynt - til afgreiðslu
7. Flutningsjöfnunarstyrkir - til kynningar
8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
9. Sóknaráætlanir landshluta - kynning á stöðu verkefnis
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Aflamark Byggðastofnunar

a. Val á samningsaðilum á Borgarfirði eystra - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað PF, RR og SÁ, umsókn Fiskverkunar Kalla Sveins ehf. o.fl. um aflamark Byggðastofnunar á Borgarfirði eystra, matsblað, undirrituð samstarfsyfirlýsing, umsögn sveitarstjórnar Múlaþings og fundargerð aflamarksnefndar Byggðastofnunar nr. 37 sem RR kynnti.

Lagt er til að heimila forstjóra að ganga til samninga við Fiskverkun Kalla Sveins ehf. og samstarfsaðila um nýtingu á allt að 200 þorskígildistonnnum á ári á grundvelli umsóknar þeirra til næstu sex fiskveiðiára.

Til máls tóku JBÓ og RÞG.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

b. Staðan á vali samningsaðila í Grímsey - til kynningar

AME og RR kynntu stöðuna á úthlutun aflamarks í Grímsey. Aflamarksnefnd ákvað á fundi sínum 9. október sl. að fresta afgreiðslu á úthlutun aflamarks Byggðastofnunar til Grímseyjar þar sem engin ein fyrirbyggjandi umsókna uppfyllti með ásættanlegum hætti matsþætti að mati nefndarinnar. Aflamarksnefnd beindi því til umsækjenda að leggja fram sameiginlega tillögu að samkomulagi um veiðar og vinnslu á aflamarkinu.

Til máls tóku allir stjórnarmenn og HÁ.

Stjórn og aflamarksnefnd Byggðastofnunar hafa fjallað um úthlutun á aflamarki stofnunarinnar í Grímsey. Standi vilji stjórnvalda til þess að skoða sérstaklega sérstöðu Grímseyjar lýsir Byggðastofnun sig reiðubúna til þátttöku í þeirri vinnu.

RR vék af fundi.

2. Endurskoðuð áhættustefna Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur 9. útgáfa að áhættustefnu Byggðastofnunar sem EHP kynnti.

Til máls tók MaH

Formaður bar upp 9. útgáfu af áhættustefnu Byggðastofnunar með áorðnum breytingum og var hún samþykkt samhljóða.

3. Óstaðbundin störf og einkageirinn - til afgreiðslu

ÓH stjórnarformaður óskaði eftir að efling óstaðbundinna starfa í einkageiranum í byggðum landsins yrði tekin á dagskrá stjórnarfundar Byggðastofnunar.

Fyrir fundinum liggur minnisblað ÓH til innviðaráðherra um eflingu óstaðbundinna starfa í einkageira í landsbyggðunum; Átaksverkefni ríkisstjórnar/Byggðastofnunar á grunni byggðaáætlunar sem hann kynnti.

Tillaga: Fyrir liggur stefnumörkun stjórnvalda um hækkun hlutfalls opinberra starfa í landsbyggðunum. Þá liggur einnig fyrir að innviðaráðherra og ríkisstjórn hafa á haustmánuðum 2024 útfært ásamt Byggðastofnun verkefni sem miðar að hvata til flutnings óstaðbundinna starfa í ríkisgeiranum út í byggðir landsins.

Stjórn leggur til að tekið verði saman minnisblað í samráði við innviðaráðuneytið með tillögum um útfærslu ramma og verklags sem geri einkafyrirtækjum fýsilegt að hækka hlutfall starfsstöðva í byggðum landsins með því að færa rekstrareiningar frá höfuðborgarsvæðinu.

Unnið verði ...

- a) ... með útfærslu skattaívilnana gegn flutningi óstaðbundinna starfa í byggðir landsins,
- b) ... á grunni minnisblaðs sem liggur fyrir stjórnarfundum,

- c) ... með hliðsjón af forsendum sem þegar er unnið með í átaksverkefni um eflingu óstaðbundinna starfa ríkisins í byggðum landsins

Stefnt verði að því taka málið upp á fundi stjórnar í nóvember nk. með það að markmiði að koma málinu til framkvæmdar í upphafi árs 2025.

Til máls tóku GHM, KB, RÞG, JBÓ, MaH og SEÞ.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

Hlé var gert á fundi milli kl. 10:03 og 10:15

4. Brothættar byggðir - kynning á stöðu verkefnisins

KÞH og HH komu inn á fundinn og kynntu stöðu verkefnisins Brothættar byggðir.

Til máls tóku allir stjórnarmenn og SEÞ.

KÞH og HH viku af fundi.

5. Stöðugreiningar landshluta - til kynningar

HR kom á fundinn og kynnti stöðuna á stöðugreiningum landshluta.

Til máls tóku KB og GHM.

HR vék af fundi.

6. Lánamál

a. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 36/24-38/24 sem HP reifaði.

b. Tímabundið takmörkuð lánsgeta Byggðastofnunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá forstjóra og forstöðumönnum fyrirtækja- og rekstrarsviðs um tímabundna takmörkun á lánsgetu stofnunarinnar vegna aukinnar eftirspurnar sem HP kynnti, en heimild hefur fengist til aukinnar lántöku í frumvarpi til fjárukalaga 2024 og beðið er samþykktar þeirra.

c. Breyting á vaxtaviðmiðum - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumann rekstrarsviðs um breytingu á vaxtaviðmiðum á erlendum lánunum sem MH kynnti.

Lagt er til að stjórn samþykki að frá og með 1. nóvember 2024 muni lán sem miði í dag við LIBOR vaxtaviðmið miða við SOFR og TONAR vaxtaviðmið og þegar hætt verði að gefa út EURIBOR vaxtaviðmið taki ESTR vaxtaviðmið við. Álag á ofan á núverandi vaxtaviðmið verði óbreytt.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

7. Flutningsjöfnunarstyrkir - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla um flutningsjöfnunarstyrki sem HP kynnti.

Til máls tók GHM.

8. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða rekstara 30.9 sem SEÐ kynnti.

Til máls tóku JBÓ og GHM.

9. Sóknaráætlanir landshluta - kynning á stöðu verkefnis

SKÞ tengdist fundinum undir þessum dagskrárlið og kynnti Sóknaráætlanir landshluta.

Til máls tók GHM og MaH.

SKÞ vék af fundi.

10. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

11. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 21. nóvember nk. og verður fjarfundur.

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 12:16

Magnús Helgason, fundarritari.

Óli Halldórsson

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Jónína Björk Óskarsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Rúnar Þór Guðbrandsson